

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. nóvember 2003

### Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa fékk umrætt frumvarp síðast til umsagnar í ársbyrjun 2003 og gerði félagið þá nokkrar athugasemdir við það. Búið er að færa til betri vegar hluta af þeim athugasemdum og er því fagnað. Nokkrar greinar frumvarpsins eru þó óskýrar eða óheppilegar að mati félagsins og verða gerðar athugasemdir við þær hér að neðan.

Í 4. gr. var gerð athugasemd við að einungis Umhverfisstofnun væri heimilt að fara með þvingunarúrræði þó svo að heilbrigðisnefnd hafi verið falin umsjón með aðgerðum. Þetta hefur nú verið fært til betri vegar og hljóðar sú málsgrein sem um þetta fjallar nú svo: „*Heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar skv. 22. – 24 gr. er í höndum Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefndar þar sem hún fer með eftirlit.* Félagið telur að skýrara væri þó að segja „...*eða í höndum heilbrigðisnefndar þar sem hún fer með eftirlit*” til að skýrt sé að ekki séu báðir aðilarnir með þetta vald í höndum í einu.

Í 11. gr. segir m.a.: „*Í höfnum þar sem flutninga- og farþegaskip hafa viðkomu skal hafnarstjórn koma upp móttöku fyrir skolp.*“ Gerð var athugasemd við þessa grein áður í fyrri umsögn félagsins og ítrekar það nú fyrri athugasemd. Samkvæmt lið 8.1.c og/eða lið 8.6. í 2. fylgiskjali rg. 785/1999 má ætla að slíkar móttökustöðvar eigi að vera háðar starfsleyfi sem gefið er út af heilbrigðisnefnd. Það væri til bóta ef menn myndu taka allan vafa af í lögunum og kveða skýrt á um hvort slík starfsemi eigi að vera starfsleyfisskyld.

Í 14. gr. segir m.a. „*Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum.*“ og síðar í sömu grein segir: „*Umhverfisstofnun er heimilt að fela hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp ...*“ Einnig var gerð athugasemd við þessi atriði í fyrri umsögn Báðar þessar breytingar eru til bóta en það skortir á að skýrt komi fram hvað átt er við með hugtökunum *stjórn á vettvangi* og *umsjón með aðgerðum*. Að öðrum kosti eru mörk á milli verksviðs slökkviliðsstjóra og heilbrigðisnefndar mjög óljós. Reynslan hefur sýnt að þörf er á skýrum leiðbeiningum í þessum efnum og þar sem lögin eiga að vera það tæki sem þessir aðilar vinna eftir verður að útskýra vel verksvið hvers og eins.

Í 14. gr. segir einnig „*Umhverfisstofnun, Siglingastofnun Íslands og Landhelgisgæsla Íslands skulu gera skriflega aðgerðaáætlun um aðkomu stofnananna og um framkvæmd einstakra verkþátta.*“ Enn er hér um ítrekun á fyrri athugasemd að ræða. Félagið fagnar því að gerðar skuli aðgerðaráætlanir um áætlun um framkvæmd einstakra verkþátta. Hinsvegar telur félagið að heilbrigðisfulltrúar og slökkviliðsstjórar ættu að eiga sinn fulltrúa í þeim

hópi sem gerir aðgerðaráætlunina. Enda gegna hafa báðir þessir aðilar lykilhlutverki að gegna í framkvæmd laganna og erfitt að sjá fyrir sér raunhæfa aðgerðaráætlun án aðkomu þeirra. Þessir aðilar hafa yfir dýrmætri reynslu að búa sem nýtist vel við slíka áætlannagerð.


Í 16. gr. er fjallað um váttryggingar og ábyrgð á mengunartjónum. Félag heilbrigðis og umhverfisfulltrúa velti upp þeirri spurningu í síðustu umsögn hvort bæta mætti við ákvæði um stofnun mengunarbótasjóðs. Slíkir sjóðir er þekktir erlendis og geta þeir þjónað því hlutverki að greiða fyrir hreinsun sem tryggingar ná ekki yfir t.d. þegar ekki kemst upp hver sé mengunarvaldur. Félagið ítrekar þá tillögu að athuga hvort þetta fyrirkomulag sé mögulegt

Á Íslandi heyrir það til undantekninga ef umhverfisbrot leiða til refsingar. Lögfræðingur Umhverfisstofnunar<sup>1</sup> telur að það sé m.a. sökum þess hve refsheimildir í íslenskum umhverfisrétti eru óskýrar. Félag heilbrigðis og umhverfisfulltrúa leggur til að sérstaklega verði leitað álits lögfróðra manna til þess að tryggja að slíkt eigi ekki við um þetta frumvarp. Í þessu tilliti þyrfti e.t.v. að skoða greinar 8 – 10 sérstaklega.

#### Samantekt:

1. Búið er að tryggja að heilbrigðisnefndir fái þvingunarúrræði með eftirliti með breytingu á gr. 4. Skýra þar aðeins orðalag (gr. 4 og 14)
2. Það þyrfti að koma fram hvort móttökustöðvar fyrir skólp eigi að vera háðar starfsleyfi eða ekki. (11. gr.)
3. Skilgreina þarf hugtökin stjórn á vettvangi og umsjón aðgerða þannig að ekki verði vafi á hvert verksvið slökkviliðsstjóra, annars vegar, og heilbrigðisfulltrúa, hinsvegar, sé. (gr. 14)
4. Eðlilegt er að heilbrigðisfulltrúar og slökkviliðsstjórar eigi hvor sinn fulltrúa í þeim starfshópi sem er ætlað að gera svokallaða aðgerðaráætlun. (14. gr.)
5. Athuga þyrfti hvort hugsanlegt sé að opna fyrir stofnun á mengunarbótasjóði til þess að greiða fyrir hreinsun sem tryggingar ná ekki yfir.
6. Tryggja þarf að refsheimildir séu nógu skýrar til þess að hugsanlegt sé að brot leiði til refsingar.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,  
formaður.

<sup>1</sup> Mengunarbrot. Meistaránámsritgerð í umhverfisfræðum við lagadeild Háskóla Íslands, mars 2002.